

Auglýsing um tillögu að Aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir tillögu að Aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024 samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Tillagan samanstendur af greinargerð og skipulagsupprætti. Einnig eru lögð fram til upplýsinga fornleifaskrá Seltjarnarness ásamt athugasemdum og umsögnum stofnana og sveitarfélaga.

Aðalskipulagstillagan verður til sýnis frá og með 12. desember 2005 til og með 12. janúar 2006 á eftirtöldum stöðum: Á Bókasafni Seltjarnarness, á heimasíðu sveitarfélagsins www.seltjarnarnes.is og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 105 Reykjavík.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við skipulagstillöguna og skulu þær hafa borist skrifstofu Seltjarnarnesbæjar eigi síðar en 27. janúar 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.



SEL TJARNARNESBÆR